

OECD *Multilingual Summaries*

Development Co-operation Report 2014

Mobilising Resources for Sustainable Development

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/dcr-2014-en](https://doi.org/10.1787/dcr-2014-en)

Skýrsla um þróunarsamvinnu 2014

Virkjun auðlinda fyrir sjálfbæra þróun

Útdráttur á íslensku

Þúsaldarmarkmið í þróunarmálum komast á til nokkurs þroska árið 2015 en samt eru mörg vandamál þróunar enn til staðar og önnur eru að koma í ljós. Markmiðin eftir árið 2015 sem nú eru í umræðunni í alþjóðasamfélaginu á vegum Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna munu leitast við að tengja saman athugunarefni á sviði félagsmála, umhverfismála og efnahagsmála í einum flokki sjálfbærra þróunarmarkmiða.

Þessi skýrsla um þróunarsamvinnu (önnur af þremur um markmiðin eftir 2015) leitar svara við því hvað hægt er að gera til að virkja auðlindir sem til þarf til að fjármagna framgang þessarar markmiða?

Hvernig á að fjármagna sjálfbæra þróun?

Litið hefur verið á Opinbera þróunaraðstoð (Official development assistance, ODA) sem helstu fjármagnsstoð þróunar (1. kafli). Þó er þörf er á mun fleiri tilföngum til að fjármagna viðtækara svið markmiða um sjálfbæra þróun. Um leið er ODA aðeins hluti af því fjárstreymi sem eyrnamerkt er til að styðja við þróun; ODA, sem nam næstum USD 135 milljörðum árið 2012 var aðeins 28% af öllum fjárframlögum opinberra aðila og einkaaðila frá 29 aðildarríkjum þróunarastóðarráðs OECD (Development Assistance Committee, DAC). Árið 2012 fengu þróunarlönd USD 474 milljarða frá DAC-löndum, að meðtöldum ODA og „öðrum opinberum fjárframlögum“: fjármagn frá opinberum stofnunum á markaðskjörum og/eða með viðskiptalegar forsendur (4. kafli), einkafjármagn á markaðskjörum svo sem beinar erlendar fjárfestingar (5. kafli) og styrkir frá einkaaðilum til mannúðarsamtaka og frjálsra félagasamtaka (NGO) (8. og 9. kafli). Þetta endurspeglar vaxandi fjölbreytni í fjárfestingakostum sem eru tiltækir þróunarlöndum – valkostum þar sem sífellt er bryddað upp á nýjungum og sem gefa mikla möguleika á að útvega jafnvel enn meira fjármagn (6. 11. og 15. kafli).

Sá gífurlegi fjöldi hugmynda sem kemur fram í skýrslunni um þróunarsamvinnu er til vitnis um nýtt tímabil tækifæra í fjármögnun þróunarverkefna. Þróunarlöndin styðja hvert annað gegnum samstarf ríkja á suðurhveli) (South-South co-operation (3. kafli), stofnanir, beinar gjafir (8. kafli) og félagsleg viðskipti (16. kafli) og greiðslur frá farandverkafólki gefa mikla möguleika. Samt kann að vera að ekki séu allar þessar tegundir fjármögnunr byggðar á sömu meginreglum og ODA – né hafa þær endilega sjálfbæra þróun að markmiði.

Allt þetta kallar á endurmat á hlutverki ODA í samanburði við aðrar gerðir aðstoðar.

Einnig er aðrar ástæður – utan við hinar fjárhagslegu – fyrir endurskoðun á hlutverki samstarfs um þróunaraðstoð með hliðsjón af tilraunum til að ná fram sjálfbærri þróun á heimsvísu:

- Sjálfbær þróun er ekki lengur spurning um að „norðrið“ veiti „suðrinu“ svokallaða „aðstoð“ heldur merkir þetta að deila tækifærum, ábyrgð og valkostum á jafnræðisgrundvelli.

- Sífelld fleiri þróunarlönd fjármagna eigin þróun sjálf og sinna samstarfi á sviði þróunar á eigin vegum (2. kafli).
- Barátta gegn fátækt og sjálfbær þróun felst í auknum mæli í framförum í áttina til að „leysa vandamál sem taka ekki til landamæra“ – styrjaldir og deilur (19. kafli), umhverfis- og loftslagsvandamál (18. kafli), óstöðugt fjármálaumhverfi, óréttlátir viðskiptaskilmálar (21. kafli) og smitsjúkdómar – vandamál sem hefðbundnar leiðir í þróunaraðstoð eru ekki stakk búnar til að takast á við (17. kafli).

Til að takast á við þessi hnattrænu vandamál þarf framlag frá öllum aðilum málsins – og hver og einn þarf að taka ábyrgð á aðgerðum, bæði sínum eigin og þeim sem sameiginlegar eru.

Opinber þróunaraðstoð (ODA) skiptir enn máli

Í tengslum við þessi auknu tækifæri til aðgerða og vaxandi vandamál er ODA áfram bráðnauðsynlegt til að efla sjálfbæra þróun: einkum þegar aðstoðin er notuð með skipulegum hætti og „af skynsemi“. Til dæmis:

- ODA getur lagt af mörkum mjög mikilvægt fjármagn og stuðning til þeirra landa sem eiga í hvað mestum erfiðleikum og eru minnst þrouð og eiga í erfiðleikum með að finna eða afla sér annarra auðlinda (19. kafli).
- Hægt er að nýta sér ODA til að gera fjárfestingar vænlegar þar sem mikil áhætta er til staðar með því að dreifa henni og deila henni með öðrum og með því að efla hvetjandi aðgerðir (11. 12. og 15. kafli).
- ODA getur auðveldað ríkjum að afla auðlinda innanlands og hafa stjórn á þeim með því að auka afkastagetu og miðla góðum viðskiptaháttum (7. og 14. kafli).
- ODA getur stuðlað að því að skapa umhverfi fyrir jákvæða þróun og fjárfestingu með endurbótum á stefnumótun á sviðum eins og til dæmis fjárfestingum og viðskiptum (12. og 21 kafli).

Þróun verður sjálfbær innan hvers lands í auknum mæli

Þróunarlönd nota auknum mæli möguleika sína til að efla eigin þróun og færa sig frá því að vera háð „aðstoð“. Þau fara að þessu til dæmis með því að:

- efla eigið skattkerfi. Ef litið er til raunverulegra upphæða eru skatttekjur langt umfram ODA: skattheimta í Afríku árið 2012 var tíföld sú upphæð er nam þróunaraðstoð sem heimsálfan hlaut það ár (1, 7. og 14. kafli).
- Finna úrræði til að nýta aukna fjármuni sem sendir eru heim af farandlaunþegum sem vinna utan heimalands síns. Heimsendir fjármunir eru stærsta uppspretta fjármagns erlendis frá fyrir mörg þróunarlönd og nam upphæð þeirra USD 351 milljarði árið 2012 – hærri en bæði ODA og beinar erlendra fjárfestingar (10. kafli).
- Móta stefnur og skapa umhverfi til að laða að fjárfestingar frá fyrirtækjum í öðrum löndum svo sem öðrum þróunarlöndum (12. kafli).
- Takast á við spillingu og tapað fé gegnum ólöglegt fjárstreymi (13. kafli).

Næstu skref

Heimurinn getur fjármagnað sjálfbæra þróun: auðlindirnar eru á sínum stað. Vandamálið fyrir hnattrænt samfélag þjóða er að fara yfir þá fjárfestingarmöguleika sem tiltækir eru og að virkja þá, samræma og leita uppi til að ná fram markmiðum fyrir árin eftir 2015. Í þessari skýrslu er bent á nokkrar mikilvægar aðgerðir:

- Nýta ODA þar sem þess er mest þörf – löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og ríkjum þar sem óstöðugleiki ríkir – og nota til að virkja aðrar auðlindir.
- Endurhanna hugmyndina um ODA til að tryggja að hún hæfi hlutverki sínu í núverandi fjármálaumhverfi.
- Hagnýta allar uppsprettur fjármagns á hugvitsamlegan hátt til að ná fram markmiðum um sjálfbæra þróun eftir árið 2015.
- Bæta samvinnu og gagnkvæman stuðning meðal fjármagnsveitenda sem miða að því að ná fram markmiðum um sjálfbæra þróun eftir árið 2015.

- Styrkja staðbundnar og hnattrænar umbætur á sviði skattamála, fjármögnunar, fjárfestinga og viðskipta og tryggja samfellu milli innlendrar og alþjóðlegrar stefnumótunar.
- Efla löggjöf og samstarf sem þurfa þykir til að koma í veg fyrir ólöglega starfsemi á alþjóðasviði.
- Sýna pólitískt hugrekki og hugkvæmni við fjármögnun hnattrænna verðmæta svo sem stöðugs loftslags, friðar og öryggis og hefja þróun á kerfum og leiðum til að koma þeim í verk.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2014), *Development Co-operation Report 2014: Mobilising Resources for Sustainable Development*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/dcr-2014-en